

## Vinnsla á byggðakvóta

**Til** : Bragi Freyr Kristbjörnsson <bragi@fjallabyggd.is>  
**Frá** : Sigríður Ingvarsdóttir <sigga@fjallabyggd.is>  
**Heiti** : Vinnsla á byggðakvóta  
**Málsnúmer** : 2212033  
**Málsaðili** : Matvælaráðuneyti  
**Skráð dags** : 09.01.2023 10:42:17  
**Höfundur** : Sigríður Ingvarsdóttir  
**Viðhengi** image001.jpgimage001.jpg

Heil og sæl

Nú liggur fyrir endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2022/2023.

Sveitarfélögum er gefinn frestur til 13. janúar n.k. að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur.

Í 6. gr. reglugerðar nr. 1370/2022 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023 er kveðið á um skilyrði um afhendingu byggðakvóta.

*„Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023. Skilyrði þess að afla teljist landað til vinnslu er að honum sé haldið aðskildum frá öðrum afla ásamt því að vera vigtaður og skráður sérstaklega við vigtun á hafnarvog. Aflinn skal nema, í þorskígildistönnu talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthluta samkvæmt reglugerð þessari. Eigandi fiskiskips skal gera skriflegan samning við fiskkaupanda um magn sem landað verður til vinnslu hjá viðkomandi vinnsluaðila, þar sem fram kemur að vinnsluaðili skuldbindi sig til að vinna aflann og skal bæjar- eða sveitarstjórn árita samninginn til staðfestingar.“*

Fyrir hönd bæjarráðs leita ég nú eftir skriflegum svörum frá fiskverkendum í Fjallabyggð hvort þið hyggist taka á móti byggðakvóta ásamt mótframlagi byggðakvótapega á komandi úthlutunarári og greiða fyrir það að lágmarki verðlagsstofuverð.


Bið ykkur að svara sem fyrst, eða í síðasta lagi fyrir lok þriðjudagsins 10. janúar með því að svara þessum tölvupósti til mín.

Fyrirtæki	Netfang
S1 / G1	<a href="mailto:s1ehf@simnet.is">s1ehf@simnet.is</a>
Rammi hf	<a href="mailto:olafur@rammi.is">olafur@rammi.is</a>

Sverrir Björnsson ehf	<a href="mailto:sverrirbjornsson@gmail.com">sverrirbjornsson@gmail.com</a>
Knollur	<a href="mailto:knollur@simnet.is">knollur@simnet.is</a>
Norlandia	<a href="mailto:asgeir@norlandia.is">asgeir@norlandia.is</a>

Kv. Sigríður

**Fjallabyggð**



**Sigríður Ingvarsdóttir**

Bæjarstjóri

Beinn sími: 464 9102

Netfang: [sigga@fjallabyggd.is](mailto:sigga@fjallabyggd.is)

Gránugötu 24

580 Siglufjörður

Sími: 464 9100 / Fax: 464 9101

---